


# „EITTHVAÐ ÍSLENSKT“

## Básar á sölusýningu skólavörðustíg 14

Alla aðventuna að Skólavörðustíg 14 verður í gangi Sölusýningin EITTHVAÐ ÍSLENSKT þar sem Handverksfólk, Listiðnaðarfólk og Hönnuðir geta leigt sér bás til lengri og skemmri tíma á mjög sanngjörnu verði.

### STAÐUR

Skólavörðustígur 14, hornið á Skólavörðustíg og Óðinsgötu, beint á móti versluninni Geysir og versluninni Eymundsson. (Mjög góður staður)



### HEITI

Þessi sölusýning hefur fengið nafnið EITTHVAÐ ÍSLENSKT og er hugsað sem vönduð fjölbreytt sölusýning fyrir handverksfólk, listiðnaðarfólk og hönnuði til að selja vöru sína beint til viðskiptavina af götunni.

### EITTHVAÐ ÍSLENSKT VERÐUR OPIÐ SEM HÉR SEGIR...

27. – 28. nóvember kl 10-17 (fyrsta aðventuhelgin)  
1. – 15. desember kl 10-17  
16. – 23. desember kl 10-22

### SÝNINGARKERFI OG AÐSTAÐA

2 inngangar eru beint inn af götunni. Sýningarkerfisbásar og lýsing er uppsett og tilbúið og hægt að skoða þetta auðveldlega utan frá. Sýningarkerfið og lýsing og rafmagn í hverjum bás er innifalið. Barnakrúkur verður í kjallaranum. Einnig er sameiginlegt rými á neðri hæð fyrir þáttakendur til að leggja frá sér yfirhafnir og vörur og snæða. Hægt verður að leigja til viðbótar borð og hillur ef einhver óskar eftir slíku. Að öðru leyti verður hver með sinn stíl í framsetningu á vörum í sínum bás.

### NEÐRI HÆÐ

Til viðbótar við 9 bása á götuhæðinni þá er breiður og góður stigi niður á um 60m<sup>2</sup> neðri hæð þar sem er 3ja metra lofthæð og vítt til veggja. Neðri hæðin hentar mjög vel fyrir myndverk eða annað sem þarf gott rými og eða veggpláss. Sýningarkerfi á neðri hæð verður í samræmi við þarfir leigjandans.

### SAMEIGINLEGIR SÝNINGARGLUGGAR

Sýningargluggar sem snúa út að Skólavörðustígnum verða nýttir sameiginlega af öllum sem eru með bása. Við leggjum fram innréttingu í gluggann.

